

DÝRA3FV03 Dýrafræði

Lýsing Fjallað er um náttúrufræði villtra íslenskra landspendýra og fugla. Saga landspendýranna er skoðuð, auk búsvæða þeirra og samskipta við manninn. Lögð er áhersla á greiningareinkenni helstu fuglategundanna og fjallað um kjörlendi, lifnaðarhætti, fæðuval, fjölgunarferli og faratferli þeirra. Í áfanganum er sérstaklega fjallað um þær breytingar sem geta orðið á búsvæðum fugla við margskonar landnýtingu og landbætur, einkum landbúnað, landgræðslu og skógrækt.	
Forkröfur Almennar forkröfur garðyrkjunáms	
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Sögu landspendýra og samskiptum þeirra við manninn. - Grunnatriðum í náttúrufræði villtra landspendýra og fugla á Íslandi. - Nöfnum, útlitseinkennum og búsvæðum helstu tegunda villtra landspendýra og fugla á Íslandi. - Lifnaðarháttum, fæðuvali, fjölgunarferli og árstíðabundnu fari fuglategundanna. - Áhrifum landnýtingar og landbóta á fuglastofna.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Greina helstu tegundir villtra landspendýra og fugla á Íslandi sem metið er með skriflegu prófi, kynningum og jafningjamati. - Greina kjörlendi, lifnaðarhætti, fæðuval, fjölgunarferli og árstíðabundið far fuglategundanna sem metið er með skriflegu prófi og verkefnum. - Gera sér grein fyrir mögulegum áhrifum landnýtingar og landbóta á villt spendýr og fuglastofna sem metið er með skriflegu prófi og kynningum.
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Skoða samskipti mannsins og umgengni við landspendýr á Íslandi. - Þekkja helstu tegundir villtra spendýra og fugla á Íslandi og búsvæði þeirra. - Afla sér upplýsinga um lifnaðarhætti helstu fuglategunda á Íslandi. - Átta sig á áhrifum landnýtingar og landbóta á fuglastofna.	
Námsmat Skriflegt próf 70%, Lágmarks prófseinkunn: 5,0 Verkefni samtals 30%, lágmarks einkunn 5,0.	

Námsgögn:

Stuðst við vefsíður : [Fuglavefurinn](#), [Náttúrufræðistofnun Íslands](#) (fuglar og spendýr), [Fuglar á Íslandi](#).

Kennsluáætlun:

Kennslu- vika	Dags.	Tími	Efni
1	28/8	12:45-15:45	Lotuvika-skyldumæting. Vettvangsferð – Reykir/Hveragerði, fuglaskoðun, verkefni 1
2	4/9	9:00-12:00	Þróun landspendýra og fugla
3	11/9	9:00-12:00	Saga og sérkenni íslensks lífríkis
4	18/9	9:00-12:00	Heimaæfing í að þekkja fuglategundir
5	24/9	12:45-15:45	Lotuvika-skyldumæting. Vettvangsferð – fuglaskoðun, verkefni 2
6	2/10	9:00-12:00	Fuglategundir sem njóta sérstakrar verndunar á Íslandi
7	9/10	9:00-12:00	Spendýr á Íslandi
8	16/10	9:00-12:00	Rask, landbætur, ræktun
9	20/10	12:45-15:45	Garð- og skógarfuglar
10	28/10	12:45-15:45	Lotuvika-skyldumæting. Vettvangsferð - fuglaskoðun, verkefni 3
11	6/11	9:00-12:00	Flækingsfuglar og nýliðar
12	13/11	9:00-12:00	Upprifjun fyrir próf
15	4/12		Próf – fyrirhugaður prófdagur

Kennari: Úlfur Óskarsson ulfur@logs.is s. 864 6642